

Stefna að útgáfu salernisskírteinis fyrir þá sem þjást af iðrabólgu

Hagsmunasamtök einstaklinga með svæðisgarnabólgu og sáraristilbólgu hafa unnið að því undanfarið að gefa út skírteini fyrir félagsmenn sína. Skírteinið er að erlendri fyrirmynd og myndi veita aðgang að salernum hvar sem er. Embætti landlæknis segir það sjálfsgöð réttindi að fólk fái að ganga örna sinna.

HEILBRIGÐISMÁL CCU-samtökin, hagsmunasamtök einstaklinga með svæðisgarnabólgu (e. Crohn's) og sáraristilbólgu (colitis ulcerosa) vinna nú að útgáfu salernisskírteina fyrir fólk með sjúkdóminn. Að sögn formanns samtakanna er gerð skírteinanna lítið mál en kynningarstarf vegna þeirra sé tímafrekara. Minnst 400 einstaklingar eru með sjúkdómna hér á landi.


Sjúkdómarnir lýsa sér með bólgu í ristli eða þörmum og er hvítleiðasta birtingarmynd hans skyndileg hvellskita. Oft er þrekkurinn blandaður blóði eða greftri sem myndast vegna bólgnanna. Önnur einkenni geta verið máttleysi, hiti og magaverkir.

Fréttablaðið sagði í gær frá reynslu manns með sáraristilbólgu af verslunarferð í Krónuna í upphafi vikunnar. Þar gerði sjúkdómurinn skyndilega vart við sig og gat útkoman aðeins orðið á einn veg eftir að starfsmaður verslunarinnar neitaði honum um notkun á salerninu.

„Þetta er alls ekki eina tilvikid sem við vitum um og við vitum örugglega ekki um öll tilvikin,“ segir Edda Svavarsdóttir, formaður CCU-samtakanna.

Ekki er alltaf um það að ræða að einstaklingi sé neitað um aðgang að klósetti heldur getur það einnig gerst að hann hreinlega drífi ekki á almenningsalerni. Maðurinn sem Fréttablaðið ræddi við mæltist til þess að stjórnvöld gæfu út kort fyrir fólk í þessari stöðu sem myndi veita því aðgang að salernum. Í svari Embættis landlæknis við því hvort slíkt væri fyrirhugað segir að svo sé ekki.

„Ég sagði starfandi sóttvarnalækni, Haraldi Briem, frá fyrirspurninni og hann hefur aldrei heyrt um slíkt skírteini og telur það sjálfsgöð



Að minnsta kosti 400 einstaklingar eru með Crohn's eða sáraristilbólgu hér á landi. NORDICPHOTOS/GETTY

réttindi fólks að fá að fara á klósett á almenningsstöðum ef það óskar þess, hvað þá í neyð, og eigi ekki að þurfa skírteini til,“ segir í svari Halldóru Viðarsdóttur, aðstoðarmanns landlæknis.

„Við höfum verið með slík kort í vinnslu í nokkurn tíma. Stundum hefur fólk ekki tíma til að standa í löngum útskýringum um sjúkdóminn og því erum við að fara af stað með þau,“ segir Edda.

Framkvæmdin er að erlendri fyrirmynd. Meira þurfi hins vegar að koma til. Funda þurfi með

rekstraradilum, kynna þeim kortið og tryggja að starfsfólk á gólfi þekki til þess. Kortið yrði til litils ef enginn vissi fyrir hvað það stæði. Stefnt er að því að þetta verði gert eins fljótt og tími og fjárhagur leyfi.

„Það ætti að vera sjálfsgöð mál að fólk fái að fara á klósettið. Það er enginn að gera sér þetta að leik,“ segir Edda.

„Manni finnst það bagalegt að fólki sé ekki hleypt á salerni í verslunum. Það hlýtur að vera ástæða fyrir því að fólk biður um þetta,“ segir Þuríður Harpa Sigurðar-

dóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands.

Þuríður telur mögulegt að viðmót verslunareigenda hafi breyst með auknum straumi ferðamanna til landsins. Það sé þó aðeins byggt á tilfinningu en ekki itarlegri rannsókn.

„Ég myndi ekki vilja vera þessi tiltekni starfsmaður sem neitar manneskju um að fara á klósett. Þetta er eitthvað sem verslunareigendur ættu að huga að og upplýsa starfsfólk sitt um hvernig skuli bregðast við í aðstæðum sem þessum,“ segir Þuríður. joli@frettabladid.is